

**Sp.**

**57. Tillaga til þingsályktunar**

[55. mál]

um könnun og undirbúning framtíðaraðstöðu fyrir Landhelgisgæslu Íslands.

Flm.: Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna og undirbúa framtíðaraðstöðu fyrir Landhelgisgæslu Íslands í Hafnarfirði.

**Greinargerð.**

Landhelgisgæslan er stolt okkar íslendinga. Að henni viljum við búa eins vel og við frekast höfum tök á. Hér skal ekki fjallað um skipa- né flugvélakost gæslunnar, heldur aðsetur og aðbúnað hennar í landi.

Starfsemi Landhelgisgæslunnar er nú í ófullnægjandi leiguhúsnaði á fleiri en einum stað og hafnaraðstöðu ábótavant. Er því fyllilega tímabært að hyggja að framtíðarlausn þessara mála.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa á undanförunum árum haft mikinn áhuga á að fá aðsetur Landhelgisgæslunnar til Hafnarfjarðar, og bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt tillögur þar að lútandi. Aðstaða í Hafnarfirði, sem öll er hin ákjósanlegasta, var árið 1972 kynnt forstjóra Landhelgisgæslunnar, þáverandi dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra og fleirum.

Hafnarfjarðarhöfn er enn að óverulegum hluta uppbyggð innan hafnargarðanna. Góð aðstaða er þar til uppbyggingar sérstakra mannvirkja fyrir Landhelgisgæsluna, bæði hafnaraðstöðu og aðstöðu fyrir þyrlur.

Tvær allstórar skipasmiðastöðvar eru í Hafnarfirði auk smærri verkstæða og ágætar vélsmiðjur, svo að aðstaða til þjónustu við skipin að undanskilinni slippþjónustu er ágæt. — Flestum lóðum sjávarmegin við Fjarðargötu í miðbæ Hafnarfjarðar er enn óráðstafað og býður það upp á mikla möguleika. Olíubirgðastöð er í Hafnarfirði og olíuafgreiðsla til skipa auðveld.

Verulegur hluti starfsliðs Landhelgisgæslunnar nú er búsettur í Hafnarfirði og Garðabæ.

Flutningur aðseturs Landhelgisgæslunnar til Hafnarfjarðar yrði bæjarfélaginu ánægja og heiður og mundi auka fjölbreytni í atvinnulífinu. Fyrirtækið mundi skipa virðulegan sess í bæjarlífinu svo sem það á skilið.